



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Áhrif annarleika á stöðu og frelsi einstaklings

Ritgerð til BA -prófs í heimspeki

Svava Úlfarsdóttir

Maí 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Heimspeki

Áhrif annarleika á stöðu og frelsi einstaklings

Ritgerð til BA-prófs í heimspeki

Svava Úlfarsdóttir

Kt.: 250585-2419

Leiðbeinandi: Róbert H. Haraldsson

Maí 2013

Ágrip

Staða einstaklingsins í veröldinni og samskipti hans við aðra einstaklinga eru viðfangsefni þessarar ritgerðar. Staða einstaklingsins ræðst af sjálfskilningi hans, því öll erum við miðja okkar eigin heims, en um leið geta samskipti okkar við aðra einstaklinga haft djúpstæð áhrif á mótun þessa sjálfskilnings. Einstaklingar eru í samskiptum við aðra oft og tíðum dregnir í dilka eins og fé að hausti eftir ýmsum yfirborðskenndum aðgreiningum eins og húðlit eða kyni. Flokkanir af þessu tagi leiða af sér hugtakaparið við/hinir. Þeir hópar sem einstaklingurinn tilheyrir ekki eru honum framandi og annarlegir, því vill oft brenna við að ótti við hið óþekkta brjótist fram í samskiptum manna, sem einkennast því ósjaldan af átökum fremur en tilraunum til þess að þekkja hið óþekkta. Í ritgerðinni er leitast við að varpa ljósi á þessi átök og hve mikil áhrif „hinn“ hefur á frelsi einstaklingsins til þess að finna lífi sínu farveg. Áhrifin eru skoðuð út frá hugmyndum tilvistarpekinganna Jean-Paul Sartres, sem taldi áhrifin lítil sem engin og krafði einstaklinginn sjálfan um fulla ábyrgð á hamingju sinni og sjálfskilningi, og þeirra Simone de Beauvoir og Frantz Fanons sem bæði lögðu töluvert meiri ábyrgð á „hinn“ og þá fjötra sem þau töldu samskipti við hann hafa á upplifaða og samfélagslega stöðu einstaklingsins í veröldinni.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Annarleiki	4
3. Jean-Paul Sartre	4
3.1 Ábyrgð einstaklings á eigin sjálfi	4
3.2 Skorið á fjötra staðverunnar	5
4. Frantz Fanon - Upplifaður annarleiki blökkumanna.....	7
4.1 Skilyrðing tungumálsins	7
4.2 Birtingarmynd innhverfs rasisma í ástarsamböndum á milli svartra og hvíttra.....	9
4.3 Ríkjandi viðhorf hvíttra fræðimanna til blökkumanna á tímum Fanons	10
4.4 Augliti til auglitis við hvíta manninn - <i>alltaf svartur en aldrei alveg mennskur</i>	13
4.5 Niðurstöður Fanons	17
5. Simone de Beauvoir – Upplifaður annarleiki kvenna.....	18
5.1 Óttinn við hið óþekkta	18
5.2 Undirskipan kvenna	20
6. Blindi bletturinn	23
7. Lokaorð	25
Heimildaskrá	28

1. Inngangur

Hugmyndin að þessari BA ritgerð kviknaði þegar ég bjó um tíma í fyrrum nýlendumíkinu Kenía á austurströnd Afríku. Daglega var ég minnt á litarhátt minn bæði í augnagotum og orðum. Þessar áminningar birtust yfirleitt í yfirborðskenndri lotningu gagnvart mér. Þó ekki mér heldur litarafti mínu. Ég var ekki ég. Ég var einungis hvít. Það er þrúgandi upplifun að týna sjálfum sér svona í augum annarra, tilfinning sem ég átti ekki að venjast, í það minnsta ekki jafn sterkt og þarna. Það fékk mig til að leiða hugann að því að hátt hlutfall íbúa jarðarinnar upplifir þessa tilfinningu nær daglega allt sitt líf. Það sem er sínu verra þá einkennast upplifanir þeirra ekki af yfirborðskenndri lotningu heldur oft og tíðum fyrirlitningu eða ótta. Þann stutta tíma sem ég dvaldi í Kenía fann ég hvernig ég fjarlægðist sjálfa mig að einhverju leyti og tengdi það strax við tilraunir mínar til að losna undan þessum sjálfsviftandi augnaráðum með því að líkjast íbúum landsins í tali og háttum. Það tókst ekki, ég var ennþá hvít. Fordómar einstaklinga eða samfélagsins í heild, sem byggja yfirleitt á vanþekkingu og röngum upplýsingum, gera það að verkum að manneskjan upplifir ákveðna „hinun“ (e.othering) sem heftir frelsi hennar til þess að skapa lífi sínu farveg. Eftir að hafa upplifað þessa tilfinningu jafn sterkt og aðstæður buðu upp á í Kenía opnuðust augu mín fyrir þessu fyrirbæri og ég tók að upplifa tilfinninguna æ oftari í samskiptum við aðra. Tilgangur ritgerðarinnar er að orða þessa upplifun með fyrirbærafræðilegri athugun á hugtakinu annarleiki sem og að skoða bæði sálræn áhrif þess á einstaklinginn og á stöðu hans innan samfélagsins. Ég byrja á því að varpa ljósi á hugtakið sjálft með hliðsjón af heimspeki Jean-Paul Sartres (1905-1980). Að því loknu dreg ég upp birtingarmynd annarleikans eins og hann birtist hjá þeldökkum í meðförum Frantz Fanons (1925-1961) í bókinni *Black Skin, White Masks*. Til að varpa enn frekara ljósi á fyrirbærið minnst ég einnig á birtingarmynd þess í samskiptum kynjanna eins og Simone de Beauvoir (1908-1986) lýsir þeim í inngangi að *Hinu kyninu*. Í lokin vonast ég til þess að geta velt því fyrir mér á upplýstan hátt hvort nauðsynlegt sé að beita slíkum aðgreiningum og flokkunarhugtökum til þess að skilja aðrar manneskjur eða hvort mögulegt sé að losna undan þessari tilhneigingu án þess að tapa sjálfsveru sinni.

2. Annarleiki

Við alla merkingarleit í heiminum er mikilvægt að átta sig á því að allt og allir sem maður leitast við að skilja eru annað en maður sjálfur. Jafnvel þegar tveir einstaklingar deila ákveðinni reynslu í öllum smáatriðum þá meðtaka þeir reynslu sína einstaklingsbundið og ekki er nokkur leið fyrir annan þeirra að vita með vissu hver upplifun hins er. Mikilvægi þess að hafa þetta í huga liggur í því að gefa sér aldrei heim annarra og skálda upp eigin „sannleik“ sjálfum sér til friðþægingar því það gerir allan skilning okkar á heiminum merkingarlausan. Af þessari staðreynd fæðist þó einnig spurningin um það hvort og þá hvernig hægt er að skilja aðra og tengjast þeim. Hvernig hægt er að skilja eitthvað sem í grundvallaratriðum virðist ekki vera okkar að skilja?

Hvort sem þessi skilningur er manningnum ofvaxinn eða ekki þá leitast hann engu að síður við að skilgreina og henda reiður á öðrum einstaklingum. Í þeirri viðleitni mannsins birtist tilhneiging manneskjunnar til þess að greina sjálfa sig frá öðrum með því að hugsa um hina manneskjuna sem andstæðu sína. Ýmsir heimspekingar hafa reynt að gera grein fyrir þessari tilhneigingu manneskjunnar og áhrifum hennar, þeirra á meðal er franskur heimspekingurinn Jean-Paul Sartre. Skrif Sartres höfðu mikil áhrif á hugmyndir svartra byltingarsinna þar á meðal Frantz Fanons sem og á hugmyndir Simone de Beauvoir. Það liggur því beint við að gera grein fyrir hugmyndum Sartres um annarleika, sem Fanon og Beauvoir hafa til hliðsjónar við vinnu sína.¹

3. Jean-Paul Sartre

3.1 Ábyrgð einstaklings á eigin sjálfi

Sartre er kenndur við tilvistarstefnuna. Að mati málsvara þeirrar stefnu er hlutverk heimspeki fyrst og fremst að greina merkingu verunnar í heiminum. Þá merkingu töldu tilvistarstefkingar aðeins að finna með því að huga að tengslum manns og heims þar sem við getum einungis þekkt veruna sem veru í heiminum. Á hinu veraldlega sviði Sartres voru sprengjur og dauði seinni heimstyrjaldarinnar, og því ef til vill erfitt fyrir hann að varpa ljósi á merkingu verunnar í heiminum án þess að verða myrkur í máli. Í slíku ástandi neyðist maðurinn óvenju oft til þess að taka ógnvekjandi ákvarðanir sem geta skipt sköpum hvort hann lifi eða deyi og í framhaldi gerir hann sér grein fyrir því að hann stendur og fellur með sjálfum sér. Það er

¹ Því skal haldið til haga að um gagnkvæm áhrif er að ræða.

ekkert sem hann getur reitt sig á í þessum heimi. Í þessari myrku veröld mótar Sartre hugmyndir sínar um annarleikann. Það er því ekki að undra að hugmyndir hans um samskipti fólks einkennast af tortryggni og átökum fremur en trausti, ekki ósvipað hugmyndum Hegels af sambandi húsbónda og þræls. Í kenningu Hegels segir að sjálfsveran verði til andspænis öðrum sjálfsverum. Að hún hugsí sjálfa sig sem hið eina sjálf og hlutgeri aðrar slíkar verur sem hlutlaust viðfang sitt og skilgreini sig í andstöðu við þetta „hitt“. Á sama tíma eigi þetta ferli sér stað hjá hinni vitundinni nema með öfugum formerkjum. Hvort sem vitundirnar vilji það eða ekki telur Hegel að á endanum þróist „sam talið“ í átt að gagnkvæmri viðurkenningu. Vitundirnar viðurkenna að það sama er upp á teningnum hjá þeim sem þær ætla sig æðri; að hinir sjái þær á sama hátt og séu því ekki inntakslausar hlutverur. Áhyggjur af áhrifum annarleikans á frelsi einstaklingsins og þá hlutgervingu sem einstaklingurinn gengur í gegnum, sé hann skynjaður af „hinum“, vega þungt í hugmyndum Sartres en engu að síður liggur ábyrgðin á eigin lífi alltaf hjá einstaklingnum sjálfum en ekki hjá „hinum“.²

3.2 Skorið á fjötra staðverunnar

Við berum óskoraða ábyrgð á öllum athöfnum okkar og allar tilraunir til að víkjast undan þeirri ábyrgð bera vott um *óheilindi*, að mati Sartres. Þau lýsa sér í *ofmati* eða *vanmati* á fjötrum þess sem Sartre kallar staðveru mannsins og er samansafn þeirra staðreynda sem einkenna hlutskipti manns á jörðinni. Sá sem afsakar athafnir sínar (eða athafnaleysi) með félagslegri stöðu sinni eða öðrum takmörkunum staðverunnar er að ofmeta hlutverk hennar.³ Það er alveg sama hverjar aðstæður viðkomandi eru, hann hefur alltaf svigrúm til þess að skapa eitthvað úr sér. Það að segja að maður sé einhvern veginn og því fái ekkert breytt er í raun hlutgerving á sjálfum sér að mati Sartre. Þá hafnar viðkomandi sjálfsveru sinni og þeim möguleikum sem hún býr yfir til þess að verða eitthvað meira. Jafnframt er einstaklingurinn í stöðugri hættu á að vera rændur sjálfsveru sinni í samskiptum við aðra og það er þess vegna sem Sartre telur samskipti einstaklinga einkennast af átökum og tortryggni („helvíti er annað fólk“⁴). Sartre orðar hugmynd sína um hlutgervingu á þessa leið:

Þegar tilvistarsinni lýsir hugleysingja segir hann að þessi hugleysingi sé ábyrgur fyrir hugleysi sínu. Hann er ekki þannig vegna þess að hafi huglaust hjarta, lungu eða heila, hann er ekki þannig vegna eiginleika sem lífeðlisfræðin getur skýrt. Hann er svona vegna þess að hann hefur gert sjálfan sig að hugleysingja með athöfnum sínum. Það er ekki til

² Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði* (Reykjavík: Mál og menning, 2008), 229.

³ Sama rit, 230.

⁴ Setningin er úr leikritinu *Luktur dyr* eftir Sartre.

huglaus skapgerð; menn geta verið vel eða illa skapi farnir, veikbyggðir eða sterkbyggðir eins og sagt er, en sá sem er veikbyggður er ekki þar með huglaus, vegna þess að hugleysi birtist í því að maður gefst upp eða gefur eftir. Skapgerð birtist í athöfn; hugleysingi er skilgreindur í ljósi athafna sinna. Það sem fólk skynjar undir niðri og hryllir við er að hugleysinginn sem við lýsum ber sjálfur sök á hugleysi sínu. Það sem fólk vill er að menn fæðist hugleysingar eða hetjur. [...] Og það er í rauninni það sem fólk lætur sig dreyma um: ef þið fæðist huglaus þá getið þið verið alveg róleg, þið getið ekki breytt því, þið verðið huglaus alla ævi hvað sem þið gerið; ef þið fæðist hetjur þá getið þið líka verið fullkomlega róleg, þið verðið hetjur alla ævi, þið munuð drekka eins og hetjur, borða eins og hetjur. Tilvistarsinninn heldur því fram að hugleysinginn gerist huglaus og hetja gerist hetja. Það er heildarskuldbindingin sem gildir, það er ekki eitt einstakt tilfelli eða einstök athöfn sem skuldbindur ykkur í eitt skipti fyrir öll.⁵

Vanmat á staðverunni lýsir sér aftur á móti í því að gangast ekki við því sem maður hefur gert úr sér, þ.e. hafi maður sýnt af sér hugleysi þá getur maður ekki verið heill nema viðurkenna að í fortíðinni hafi komið upp aðstæður þar sem maður sýndi af sér hugleysi, en sú fortíð skilyrðir framtíðina ekki og því gerist viðkomandi sekur um óheilindi kalli hann sig hugleysingja, eins og um eðliseinkenni sé að ræða. Það er eins og það sé sammannlegt að falla í þá freistni að hlutgera sjálfan sig og aðra með slíkum hætti. Það er liður í því að henda reiður á óreiðunni og afsakar oft og tíðum athafnir fólks, og gefur okkur gervifriðþægingu gagnvart óúskýranlegri hegðun. Sartre telur að vitund fólks um frelsi sitt valdi því angist og þess vegna leiti það skjóls undan angistinni í óheilindum. Jafnframt hleypst fólk undan því að horfast í augu við eigið frelsi þegar siðferðileg álitamál eru annars vegar, þau óheilindi kallar Sartre *alvörugefni um gildi*.⁶ Maðurinn gerist sekur um alvörugefni um gildi þegar hann þykist vera bundinn af þeim reglum og venjum sem fyrir eru, eins og þau gildi sem þegar eru til séu fyrirframgefnið eiginleikar veruleikans og þannig háð algildum sannleika um hvað sé rétt og hvað sé rangt. Sartre telur þessu öfugt farið. Siðferðileg gildi eru okkar eigið sköpunarverk, ekkert nema okkar eigin athafnir, og því alls engin frummynd hins góða eða fyrirskipanir frá algóðum guði. Saman berum við ábyrgð á þessum gildum og hvert og eitt okkar ber ábyrgð á að viðhalda þeim.⁷

Til þess að breyta af heilindum verðum við að byrja á því að losa okkur við allar hugmyndir um fastmótað *sjálf* og viðurkenna að við höfum ekkert nema það sjálf sem við sjálf sköpum. Þessi draumur okkar um veru sem hefur fastmótaða eiginleika en er um leið frjáls vitundarvera telur Sartre vera þrá mannsins eftir því að vera guð. Sú þrá er tálsýn ein því ekki einu sinni almáttugur guð gæti sameinað þessa tvo veruhætti þar sem vitundin er stöðugt að brjóta upp öll fastmótuð form verunnar áður en þau ná að *verða*. Þegar maðurinn hefur

⁵ Jean-Paul Sartre, *Tilvistarstefnan er mannhyggja*, þýð. Páll Skúlason (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007), 72.

⁶ Vilhjálmur Árnason, *Farsælt líf, réttlátt samfélag*, 230.

⁷ Sama rit, 230-231.

áttað sig á þessum misskilningi getur hann gert sér raunverulega grein fyrir eigin frelsi og skapað heim sinn út frá því.⁸

Samkvæmt kenningum Fanons og Beauvoir er ein af forsendum Sartres röng og sýn hans því skökk að einhverju leyti. Sú gagnkvæma viðurkenning sem Hegel og Sartre gefa sér sem útkomu á samskiptum á milli tveggja sjálfsvera eigi sér einfaldlega ekki stað í öllum samskiptum og því ekki hægt að varpa allri ábyrgð á lífi hvers og eins á einstaklinginn sjálfan. Að þeirra mati eru áhrif annarleikans á hæfni og getu einstaklinga til að finna lífi sínu farveg mikil og sjá þetta samband okkar við „hinn“ sem heimspekilegan grundvöll til skilnings bágrar stöðu ýmissa hópa og einstaklinga.

4. Frantz Fanon - Upplifaður annarleiki blökkumanna

4.1 Skilyrðing tungumálsins

Fanon ólst upp á Martíník, eyju í Karabískahafinu undir stjórn Frakka. Martíník er ein þeirra eyja sem Evrópubúar lögðu undir sig, útrýmdu þeim íbúum sem fyrir voru og fluttu inn Afríska þræla í staðinn sem vinnuafli. Frjálsir afkomendur þessara þræla og afkomendur Franskra landnema byggja eyjuna og eru afkomendur þrælanna meirihluti íbúa. Höfuðborg Frakklands, París, var móðurborgin; miðja heimsveldisins.⁹ Á þeim tíma er Fanon ritar bók sína, árið 1952, er Martíník lítið annað en útnári eða óbyggður frumskógur; hvergiland. Allir sem fundu til sín á Martíník voru annað hvort frá Frakklandi eða höfðu hlotið háskólamenntun í Frakklandi. Þeir töluðu jafnframt fullkomna frönsku. Flestir hinna svörtu íbúa Martíník gerðu það hins vegar ekki, þeir töluðu blendingsmál (e. Creole), afbrigði af frönsku sem þekktist helst á annarlegu r-hljóði. Í skólum var börnum kennt að líta niður á þetta svo kallaða hrognamál. Fanon fullyrðir að íbúar Martíník hafi lítið í blendingsmálið sem hálfildingstungumál en frönskuna á einhvern hátt sannari eða nær fullkomnun. Þessi skoðun var ekki niðurstaða fræðilegra rannsókna heldur einfaldlega áhrif þess að vera nýlendubjóð, áhrif þess að vera *undir* franskri stjórn.¹⁰

Fanon tók eftir því að þegar menn sneru heim frá námi í Frakklandi töluðu þeir tilgerðarlega fullkomna frönsku og létu á tímum eins og þeir hefðu á þessum stutta tíma tapað niður allri kunnáttu í blendingsmálinu. Fanon vissi hverju sætti því hann hafði upplifað það

⁸ Sama rit, 231.

⁹ Frantz Fanon, *Black Skin, White Masks: The Experiences of a Black Man in a White World*, þýð. Charles Markmann (New York: Grove Press Inc, 1967), 19.

¹⁰ Sama rit, 21.

sjálfur á dvöl sinni í Frakklandi að þar töluðu hvítir menn niður til svartra manna. Annað hvort gerðu þeir sér upp blendingsmállýsku af frönsku sem hljómaði eins og þegar fullorðnir tala niður til barna, eða þeir ávörpuðu þá með yfirlætisfullum kumpánleika og kölluðu þá „gamli minn“ eða „félaga“ o.s.frv. Fanon tekur dæmi af frönskum læknum sem töluðu við hvíta sjúklinga sína með ópersónulegri virðingu en við svarta og Araba létu lækarnir eins og þeir væru að hitta gamla vini. Fanon segist hafa heyrt ýmsar réttlætningar á þessu hátterni og ber hæst sú fullyrðing hinna hvítu að þeir leitist einungis við að láta hinum svörtu líða þægilega. Fanon segir að svo sé ekki, hann segir þá leitast við að gera svertingjanum grein fyrir því strax í upphafi samtals að svertinginn sé skör neðar í þjóðfélagsstiganum. Um leið og þeir tali til svarta mannsins á þessari afbökuðu frönsku, sem Fanon kallar blendings-surta-mál (e. pidgin-nigger)¹¹, þá gefi þeir viðmælanda sínum ekki gaum, sýni honum engan áhuga og neiti að viðurkenna langanir hans. Hvíti maðurinn þvingar svarta manninn einfaldlega ofan í hólfa sem á hefur verið stimplað „frumstæður“, „ósiðmenntaður“ og svo framvegis. Það er undir þessum kringumstæðum sem hinir martínísku námsmenn leggja mjög meðvitað áherslu á að tala fullkomna frönsku, með mjög skýrum r-hljóðum. Ekki vegna þess að þeir vilji vera hvítir eða telji hina hvítu betri heldur til þess að sanna að þeir séu jafningjar hinna hvítu Fransmanna og jafnframt til að neita þeim um tækifæri til að líta niður á sig sökum notkunar á undarlegri frönsku. Með því er björninn þó óravegu frá því að vera unninn, nú hrósa hinir hvítu svertingjanum fyrir að tala lýtalaus frönsku - eitthvað sem þeir myndu aldrei segja við hvíta manneskju með sömu háskólamenntun að baki. Hinni fullkomnu frönskukunnáttu fylgja jafnframt sterkir fjötrar því eins og Fanon segir þá fylgir því að tala tungumál að tileinka sér heim þess og menningu.¹² Með því að læra að tala lýtalaus frönsku eru hinir svörtu námsmenn óafvitandi að verða menningarlega hvítari en þeir voru fyrir.¹³ Við það verður námsmaðurinn hlutfallslega mennskari í augum hvíta mannsins en sú staðreynd varpar einmitt hvað skærustu ljósi á vanda svarta mannsins. Fanon lýsir því best sjálfur með þessum orðum:

Að tala tungumál sviptir hulunni af heilum heim sem tjáður er og gefinn til kynna með því tungumáli. Það leiðir okkur að þessari staðreynd: Að hafa áhrif á og völd yfir tungumáli veitir aðgang að gríðarlegum völdum. Paul Valéry vissi þetta og kallaði tungumál „afvegaleiddan guð af holdi og blóði“.¹⁴

¹¹ Sama rit, 31.

¹² Sama rit, 30-33.

¹³ Sama rit, 18.

¹⁴ Sama rit, 18. „A man who has language consequently possess the world expressed and implied by that language. What we are getting at becomes plain: Mastery of language affords remarkable power. Paul Valéry knew this, for he called language „the god gone astray in flesh“.

Við gerum okkur oft og tíðum ekki grein fyrir því hversu mótandi áhrif tungumál og orðræða hefur á sjálfsmynd okkar en þau eru þó eitt öflugasta stýringartæki okkar á okkur sjálf og aðra.

Fanon gerir sér grein fyrir því að vald hvíta mannsins yfir tungumálinu og ríkjandi orðræðu hafi djúpstæð og brenglandi áhrif á sjálfsmynd svarta mannsins. Þó er brengluð sjálfsmynd hans alls ekki hrein afurð tungumálsins því að mati Fanons þarf að kafa mun dýpra og beina sjónum sínum í flest horn til þess að hægt sé að kasta ljósglætu á þetta margþætta vandamál.

4.2 Birtingarmynd innhverfs rasisma í ástarsamböndum á milli svartra og hvítra

Fanon telur ástarsambönd á milli svartra og hvítra í mörgum tilfellum sýna skýrt þá brengluðu afstöðu er um ræðir. Um samband litaðra¹⁵ kvenna við hvíta menn segir hann að þau beri innhverfum kynþáttafordómum vitni þar sem konan reyni að öðlast viðurkenningu hins hvíta heims með sambandi við hvítan mann. Fanon telur að innst inni vilji hún í raun vera hvít og að giftast hvítum manni er hennar leið til þess. Hún hefur tileinkað sér fordóma hvíta heimsins og lítur ekki við mönnum af eigin kynþætti. Fanon segir þær telja að hvítir gefi til kynna auðæfi, fegurð, gáfur og dyggðir; svartir eru hinsvegar „niggarrar“, ástand er þeim þyki vert að forðast eða reyna að koma sér upp úr. Ratisminn ristir svo djúpt að þær eru blindar gagnvart frambærilegum svörtum mönnum. Þær segja svarta menn skorta alla siðfágun, og senda svarta vonbiðla á braut jafnvel þó einstaklingurinn sé mun siðfágaðri en þær sjálfar.¹⁶ Fanon tekur nokkur dæmi til að styðja mál sitt og vitnar meðal annars í skáldsögur. Fyrsta skáldsagan byggir á reynslu höfundarins Abdoulaye Sadjí og ber nafnið *Nini*.¹⁷ Þar segir frá tveimur konum frá Senegal sem báðar eru hálf hvítar og heita Nini og Dedee. Nini er ritari og fær bónorð frá ágætlega velsettum háskólamenntuðum svörtum manni. Það verður uppi fótur og fit og rætt er um að láta reka manninn. Í lokin hefur lögreglan jafnvel blandast í málið og gert honum að láta af þessum „sjúklegu tilburðum“. Hvers vegna? Vegna þess að hann er svartur og hún er hálf hvít. Með því að stíga í vænginn við hana hefur hann móðgað „hvítu konuna í henni“. Dedee lendir í svipuðum aðstæðum; hún fær bónorð frá ágætlega velsettum manni en hún verður hins vegar yfir sig glöð. Hvers vegna? Vegna þess að biðillinn er hvítur. „Á einni

¹⁵ Skýrt dæmi um „hinun“ af hálfu þeirra sem hafa valdið yfir tungumálinu: Allir aðrir en hvítir eru litaðir.

¹⁶ Sama rit, 41-44.

¹⁷ Sama rit, 53.

nóttu hafði múlatta stúlkan farið úr stöðu þræls í húsbónda [...] Hinn hvíti heimur var að opnast fyrir henni.¹⁸

En hvíti maðurinn getur ekki gert neinn hvítan eins og kemur fram í þriðja dæmi Fanons er hann vitnar í sjálfsævisögu eftir Mayotte Capecia frá Martíník. Í tilvitnuninni segir frá löngu ástarsambandi Mayotte við giftan hvítan mann. Hún biður hann eitt kvöldið um að taka sig með í „hvíta hluta bæjarins“ þar sem hin hvíta yfirstétt nýtur félagskapar við sína líka og gerir vel við sig í mat og drykk. Hvíti elskhuginn maldar í móinn en lætur að lokum undan og tekur hana með í samkvæmið. Mayotte er himinlifandi og því verður hún fyrir talsverðum vonbrigðum þegar á hólminn er komið því þar upplifir hún sig alls ekki hvíta. Hvíta fókið lítur niður á hana og minnir hana stöðugt á að hún eigi hvorki heima þarna né sé hún hinum hvíta manni samboðin. Hún biður hann aldrei framur um að fá að blanda geði við hvíta fólk.¹⁹

Þörfin fyrir viðurkenningu er einnig kveikjan að samböndum milli svartra karla og hvíttra kvenna. Með því að vera elskaður af hvítri konu sýnir hvíta konan svarta manninum að hann sé verðugur hvítrar ástar. Fanon viðrar þó jafnframt heldur karllægara sjónarhorn á forsendur þessa sambands er hann lýsir þeim sem ákveðnum hefndarhug þar sem svartir maðurinn vilji upplifa að drottna yfir hvítri manneskju og það geti hann í ástarsambandi við hvíta konu.²⁰

4.3 Ríkjandi viðhorf hvíttra fræðimanna til blökkumanna á tímum Fanons

Fanon rýnir í ríkjandi orðræðu fræðasamfélagsins um skerta sjálfsmynd blökkumanna og tekur sérstaklega fyrir bók eftir franskan sálgreini og samtímamann sinn, Dominique-Octave Mannoni (1899-1989). Mannoni þessi bjó eyjunni Madagaskar við austurströnd Afríku sem þá var nýlenda Frakka. Hann notaði sálgreiningartækni til að rannsaka samband innfæddra og hvíttra nýlendubúa og gaf út niðurstöðu sína í bókinni *Prospero and Caliban: Psychology of Colonization*.²¹ Fanon stundaði einnig slíkar sálarrannsóknir til að komast að sínum niðurstöðum og báðir stunduðu þeir sálarrannsóknir sínar undir formerkjum Jacques Lacan sem þá var af mörgum talinn fremstur meðal jafningja á sviði sálgreininga. Samkvæmt Lacan tekur sálkönnuðurinn sér stöðu athuganda sem reynir, með því sem hann kallar virk hlustun, að finna samband milli atburða fortíðar og sálrænna vandamála. Hann reynir jafnframt að aðstoða sjúklinginn við að gera sér sjálfur grein fyrir því sambandi. Tilfinningar brjótast út úr dulvitundinni og sjúklingurinn lætur þessi ómeðvituð geðhrifaviðbrögð sín bitna á

¹⁸ Sama rit, 58.

¹⁹ Sama rit, 42-46.

²⁰ Sama rit, 63.

²¹ Sama rit, 83.

sálgreinandanum og gerir hann að staðgengli fyrir einhverja eða einhverjar mikilvægar persónur á æviferli sínum. Þetta ferli er kallað yfirfærsla eða gagnúð. Það þarf ekki að vera um bældar tilfinningar að ræða, eins og t.d. gagnvart föður eða móður í anda Freud, heldur kemur fram ákveðin sambandssaga einstaklings sem hefur mótað þá sjálfsmynd sem einstaklingurinn hefur ómeðvitað búið til. Lacan leggur áherslu á að það sé blekking að hugsa sér einhvers konar upprunalegan persónuleika því í raun er einstaklingurinn samsettur úr orðræðu, skynjun, samböndum og öðrum hlutum. Með því að skoða þessa sambönd er verið að varpa ljósi á þau brot sem einstaklingurinn samanstendur af og ef vel tekst til lækna sjúklinginn af sjúkri sjálfsmynd.²²

Fanon hefur gagnrýni sína á því að viðurkenna að greining Mannoni sé heiðarleg greining á ástandinu eins og Mannoni *upplifir* það. Það er ekki af ásetningi sem Mannoni villi um fyrir lesendum sínum en hins vegar byggir hann rannsóknir sínar á forsendu sem Fanon telur einfaldlega ekki sanna. Mannoni fullyrðir í upphafi bókar að minnimáttarkennd (e. inferiority complex) hinna svörtu hafi búið í þeim löngu áður en hvíti maðurinn lagði undir sig Madagaskar; að minnimáttarkenndin sé svartar mannum eðlislæg. Rök Mannoni fyrir þessari fullyrðingu segir hann vera „þá staðreynd að þegar *fullorðinn* Madagaskarbúi er einangraður í ólíku umhverfi geti hann orðið móttækilegur fyrir hinni hefðbundnu tegund af minnimáttarkennd“ og lýkur setningunni með orðunum „það sannar án nokkurs vafa að sýkill þessarar kenndar liggur dulinn í honum frá barnæsku.“²³ Ástæðuna fyrir þessari undarlegu ályktun telur Fanon vera blindu Mannonis fyrir eigin persónu. Mannoni heldur sig of stíft við það að vera hlutlaus áhorfandi og reynir ekki að setja sig í spor svartar mannsins og upplifa þá örvæntingu er svartar maðurinn upplifir andspænis hvítum manni sem svo getur af sér þá minnimáttarkennd sem um er rætt.

Fanon neitar einnig þeirri staðhæfingu Mannonis að samfélög í Evrópu og háttsettir erindrekar hennar beri litla sem enga ábyrgð á kynþáttfordómum innan nýlenduríkjanna. Mannoni telur fordómama koma frá hvítum lágstéttar íbúum sem kenni innfæddum um bága stöðu sína og nefnir ástandið í Suður-Afríku sérstaklega.²⁴ Fanon svarar þeirri fullyrðingu á þessa leið:

²²Matthew Sharpe. „Jacques Lacan,“ Internet Encyclopedia of Philosophy <http://www.iep.utm.edu/lacweb/>.

²³ Fanon, *Black Skin, White Masks*, 84. „[t]he fact that when an *adult* Malagasy is isolated in a different environment he can become susceptible to the classical type of inferiority complex“ og „[that] proves almost beyond doubt that the germ of the complex was latent in him from childhood.“

²⁴ Sama rit, 87.

Hvað er Suður-Afríka? Suðupottur þar sem þrettán milljón svertingjar eru barðir með kylfum og lokaðir inni af tveimur og hálfri milljón hvíttra manna. Ef fátækir hvítlingjar hata Negrana, þá er það ekki, eins og Hr. Mannoni vill láta okkur halda, vegna þess að „rasismi sé afurð hugmynda undirföngja, smákaupmanna, og nýlendubúa sem hafa unnið baki brotnu án mikillar velgengni.“ Nei; rasismi er afurð þess að kerfi Suður Afríku hafa rasíska formgerð:

Negrahyggja (e. Negrophilism) og líknarstarfsemi eru niðrandi hugtök í Suður Afríku [...] það sem þeir leggja til er aðskilnaður innfæddra frá Evrópubúum, landsvæðislega, fjárhagslega, og stjórnarfarslega, sem veitir hinum svörtu heimild til þess að skapa sitt eigið samfélag undir leiðsögn og stjórn hinna hvítu, en með lágmarks samskiptum á milli kynstofnanna. Þessi fráteknu landsvæði eru hugsuð fyrir svertingjana og flestir þeirra þyrftu að búa á slíkum verndarsvæðum. [...] Efnahagslegri samkeppni á milli kynþáttanna yrði útrýmt og í því lægi grunnurinn að *endurhæfingu og endurreisn* „*hinna vesælu hvítu*“ sem eru 50 prósent þeirra íbúa sem eru af Evrópskum uppruna. [...] Það er ekki ofsögum sagt að meirihluti Suður-Afríkubúa fyllist viðbjóði af öllu því sem setur innfædda á sömu skör og þá sjálfa.²⁵

Fanon telur Suður-Afríku ekki vera einangrað dæmi um land með rasíska formgerð (e. structure) heldur megi í raun nefna flest öll lönd í heiminum í því samhengi. Fanon fullyrðir að Evrópa eins og hún leggi sig byggi í raun á rasískum kerfum.²⁶

Það er því ekkert undirliggjandi í genamengi svarta mannsins, sem að mati Fanons, skýrir þá þjáningu sem hann upplifir vegna þess að hann er ekki hvítur. Hann þjáist af því að vera ekki hvítur að svo miklu leyti sem hvíti maðurinn lætur það bitna á honum að hann sé ekki hvítur, með mismunun, aðgreiningu og hlutgervingu. Hann þjáist að því leyti að hvíti maðurinn kallar hann „sníkjudýr jarðarinnar“.²⁷ Eina lausnin sem svarti maðurinn sér við þessu vandamáli er að „hvíta“ sig; með öðrum orðum, svarti maðurinn reynir að neyða hvíta manninn til að viðurkenna mennsku sína með því að líkja eftir honum. En Fanon heldur fast í sannfæringu sína og biður fræðimenn og aðra um að segja hlutina eins og þeir eru; að það sé rasistinn sem skapi þá sem telja sig óæðri en ekki öfugt.²⁸

²⁵ Sama rit, 87-88. „What is South Africa? A boiler into which thirteen million blacks are clubbed and penned in by two and a half million whites. If the poor whites hate the Negroes, it is not, as M. Mannoni would have us believe, because "racialism is the work of petty officials, small traders, and colonials who have toiled much without great success." No; it is because the structure of South Africa is a racist structure: *Negrophilism* and *philanthropy* are pejoratives in South Africa [...] what is proposed is the separation of the natives from Europeans, territorially, economically, and on the political level, allowing the blacks to build their own civilization under the guidance and the authority of the whites, but with minimum of contact between the races. It is understood that territorial reservations would be set up for the blacks and that most of them would have to live there. [...] Economic competition would be eliminated and the groundwork would be laid for the rehabilitation of the "poor whites" who constitute 50 per cent of the European population. [...] It is no exaggeration to say that the majority of South Africans feel an almost physical revulsion against anything that puts a native or a person of color on their level.“

²⁶ Sama rit, 90.

²⁷ Sama rit, 93.

²⁸ Sama rit, 93.

4.4 Augliti til auglitis við hvíta manninn -*alltaf svartur en aldrei alveg mennskur*

Í fimmta kafla bókarinnar ræðir Fanon persónulega upplifun sína á þeirri innri ólgu og samtalinu sem hún hrindir af stað þegar svartur maður stendur augliti til auglitis við hvíta manninn. Kaflinn er einn mikilvægasti kafli bókarinnar því það er *þetta* sem er svo erfitt að skynja og setja í samhengi við aðstæður svartra fyrir þann sem ekki hefur upplifað að vera svartur maður í hvítum heimi. Fanon smættir upplifunina niður í eitt augnablik og setur það á svið eins og leikrit og leyfir okkur að skyggjast inn í höfuð sitt á meðan. Með kraftmiklum texta nær hann jafnvel og koma örlitlum hluta þessa tilfinningaumróts af stað hjá lesanda sínum. Kaflinn hefst á orðunum „Saurugi surtur!“ (e. Dirty nigger).²⁹ Þessi orð verða sköpunarsaga nýs sjálfs; þriðja sjálfsins sem svarti maðurinn skapar eftir kynni sín við hvíta manninn. Fanon segir að á meðan svarti maðurinn er á meðal sinna líka komi varla upp sú staða að hann skilgreini tilvist sína út frá *hinum*. Fanon er þó meðvitaður um hugmyndir Hegels um þá togstreitu er myndast „alltaf“ standi tvær mannverur augliti til auglitis og berjist um viðurkenningu hvor annarrar en hann segir allar slíkar verufræðikenningar missa marks í tengslum við nýlenduríki. Hann segir verufræðinga ekki gefa heimsýn (þ. Weltenschauung) svartra nýlendubúa gaum heldur tali út frá eigin reynslu sem hvítir menn. Lífsskoðun svarta mannsins er nefnilega þeim annmörkum háð, að mati Fanons, að vera brengluð á þann veg að þegar svartur maður mætir svörtum manni þá eru það tveir svartir menn í stöðugu samtali við hinn hvíta mann sem hittast. Og í augum hvíta mannsins veitir svarti maðurinn enga verufræðilega mótspyrnu; hann er „náttúrulega“ óæðri. Það eru þess vegna tvö brengluð sjálf sem mætast augliti til auglitis þegar svertingjar mætast og því erfitt að setja samskipti þeirra upp í líkan Hegels þar sem annar nær þeim tókum á hinum að geta skilgreint bæði sjálfan sig og hinn.³⁰ Það er því töluvert áfall þegar augnaráð hins hvíta manns skellur af öllum sínum þunga á svörtu viðfangi. Fanon setur leikritið upp um borð í lest:

Barn hnippir í móður sína og segir: „Sjáðu, negri!“ Fanon lýsir hugsunum sínum á þeirri stundu með þessum orðum:

Áður óþekkt þyngsli lögðust á herðar mér. Veruleikinn storkaði hugmyndum mínum. Í hinum hvíta heimi er litaður maður háður líkamlegum annmörkum þegar hann athafnar sig á sviði hins mögulega. Vitund um líkama sinn er nefnilega ávallt í neitun; aðgreinandi. Einhvers konar þriðju persónu meðvitund [...] Hæg samsetning sjálfs míns sem líkama staðsettum í miðjum heimi rúmtaks og tíma.³¹

²⁹ Sama rit, 109.

³⁰ Sama rit, 109-111.

³¹ Sama rit, 110-11. „An unfamiliar weight burdened me. The real world challenged my claims. In the white world the man of color encounters difficulties in the development of his bodily schema. Consciousness of the

Það er því ekki *hann* sem á sambandi við hvíta heiminn heldur líkami hans. *Hann* er ekki til. Í tengslum við þetta minnst Fanon á tilraunir sem hafa verið gerðar í þeim tilgangi að búa til einhvers konar bóluefni „fyrir aumingja negrann til þess að gera sig hvítari (e. whiten himself) og þannig losa sig undan byrði líkamlegrar bölvunar.“³²

Fanon neitar að setta sig við þetta, hann vill vera maður. En í þessum hvíta heimi virðist húðlitur hans vera allt sem hann er og skáka bæði menntun hans og verðleikum. Fanon segir að á meðan nágranni hans eða frænda hefði ef til vill haft góða og gilda ástæðu fyrir því að hata hann þá hati hvíti maðurinn hann án þess að þekkja hann. Hvíti maðurinn sé hreinlega órökréttur í hugsun að þessu leyti. Hvíti maðurinn lætur sér nefnilega ekki nægja að hafna honum sem manneskju heldur eignar honum jafnframt ólíklegustu eiginleika og fortíð sem geta af sér nýtt sjálf.³³ Í leikriti Fanons fæðist það við orðin „Mamma, sjáðu negrann! Ég er hræddur!“ Hann lýsir viðbrögðum sínum á þessa leið:

Um borð í lestinni var þetta ekki lengur spurning um þriðju persónu sjónarhorn á líkama minn heldur þriðjætt sjónarhorn. Í lestinni var mér ekki skipað í eitt sæti heldur tvö, þrjú. [...] Ég bar ekki einungis ábyrgð á líkama mínum heldur jafnframt kynþætti mínum og á gjörðum forfedra minna. Ég skoðað sjálfan mig með þessum hlutgerandi augum og uppgötvaði svartneskju mína, þjóðernisleg sérkenni mín; og ég var sleginn niður með tom-tom trommum, mannáti, skurðgoðadýrkun og þrælaskipum.³⁴

Þegar hann hefur gert sér grein fyrir því að sú sjálfsmynd sem hefur molnað undan augnaráði hvíta mannsins var í raun fölsk; nýlenduvætt sjálf sem hafði frá fæðingu verið að mótast í einhvers konar eftirmynd hvíta mannsins og skapað út frá fyrirframgefnum reglum sem hann hafði lítið um að segja, sprettur upp fjarlæg eða jafnvel vélræn tilfinning gagnvart eigin sjálfi er hann hafði lifað með í öll þessi ár: Hver var þessi maður eiginlega? Hver var þessi Fanon?

Fanon veit hvers hann er megnugur en á erfitt með að finna sinn farveg því jafnvel þó að Kaþólska kirkjan og vísindasamfélagið hafi fengist til að viðurkenna að svartu maðurinn sé að öllu leyti jafn mikil manneskja og hvíti maðurinn, og jafnvel þó að hvíti maðurinn viðurkenni að rasismi sé órökréttur hugsunarháttur á allan hátt, þá er hvíta manninum *ennþá* illa við að gifta dætur sínar svarta manninum.³⁵ „Tilfinning“ sem ég tel að lifi góðu lífi enn þann dag í

body is solely negating activity. It is a third-person consciousness. [...] A slow composition of my *self* as a body in the middle of spatial and temporal world.“

³² Sama rit, 111.

³³ Sama rit, 112.

³⁴ Sama rit, 112. „In the train I was given not one but two, three places [...] I was responsible at the same time for my body, for my race, for my ancestors. I subjected myself to an objective examination, I discovered by blackness, my ethnic characteristics; and I was battered down by tom-toms, cannabilism, intellectual deficiency, fetichism, racial defects and slave-ships.“

³⁵ Sama rit, 119-120.

dag. Fanon vitnar í bók Sir Alan Burns, *Colour Prejudice* til þess að útskýra þessa órókréttu staðreynd með þessum orðum:

Litaraftsfordómar eru ekkert annað en órökstutt hatur eins kynþáttar yfir öðrum kynþætti. Hatrið birtist í fyrirlitningu þeirra sem eru sterkir og ríkir gagnvart þeim sem þeir telja sér óæðri, og jafnframt sem bitur gremja hinna sem eru kúgaðir og svívirtir nær daglega. Þar sem litaraft er hvað mest áberandi ytri birtingarmynd kynþáttar hefur það verið gert að einhvers konar mælikvarða þegar menn dæma aðra menn, án tillits til félagslegrar stöðu eða menntunarstigs.³⁶

Þegar þeir uppgötva að það stoði lítið að höfða til skynsemi hvíta mannsins segir Fanon að margir svartir ákveði að lofsama svartan húðlit sinn (e. blackness). Í þessu samhengi nefnir Fanon sem sérlega kyndilbera þeirra hugmynda, ljóðskáldin og stjórnmálamennina Aimé Césaire og Léopold Senghor. Þeir boðuðu upphafningu „svartra gilda“ og kölluðu stefnu sína Negritude. Á hinum enda heimsins liggur göldrótt svört menning, sögðu þeir, þar sem fólk býr yfir öfundsverðum náttúrulegum ryþma og lifir kynlífi sem er töfrum líkast - „Tilfinning er jafn svört og rökhugsun er grísk“ (e. Emotion is completely Negro as reason is Greek).³⁷ Fanon vitnar í ljóð eftir Amié Césaire sem fangar stemmninguna í hugsun þeirra:

*Those who invented neither gunpowder nor the compass
Those who never learned to conquer steam or electricity
Those who never explored the seas or the skies
But they know the farthest corners of the land of anguish
Those who never knew any journey save that of abduction
Those who learned to kneel in docility
Those who were domesticated and Christianized
Those who were injected with bastardy ...
... But those without whom the earth would not be
the earth
Tumescence all the more fruitful
than
the empty land
still more the land
Storehouse to guard and ripen all
on earth that is most earth*

³⁶ Sir Alan Burns, *Colour Prejudice* (London: Allen and Unwin, 1948), 16.

³⁷ Fanon, *Black Skin, White Masks*, 127.

*My blackness is no stone, it's deafness
hurled against the clamor of the day
My blackness is no drop of lifeless water
on the dead eye of the world
My blackness is neither a tower nor a cathedral
It thrusts into the red flesh of the sun
It thrusts into the burning flesh of the sky
It hollows through the dense dismay of its own
pillar of patience.³⁸*

Í stutta stund þykist Fanon vera á þeirra bandi. Hann hefur fundið styrkar stoðir undir uppbyggingu nýs sjálfs. Svarti maðurinn er hin hliðin á peningnum; nauðsynlegur, „með innsæi sínu stjórnar hann heiminum, hann hefur tilgang, eftirsóttur, vinsæll, og hann er Negri - nei, hann er ekki Negri heldur Negrinn með greini, þessi sem æsir hina frjóu fálmara heimsins, honum er komið fyrir í forgrunni heimsins, og lætur ljóðræna krafta sína rigna yfir hann.“³⁹

Hann áttar sig þó fljótlega á því að hann er enn á ný að byggja á staðalímynd hvíta mannsins á hinum svarta og að með því renni hann enn frekari stoðum undir ríkjandi hugmyndir þeirra. Hann opnar jafnframt dyr að heilli stjörnuþoku eyðandi staðalímynda og hugmynda eins og sui generis líkamslyktar svarta mannsins, hans góða hjartalags, trúgirn, barnslegrar gleði og svo framvegis.⁴⁰ Hann reynir að flýja sjálfan sig í gegnum sína líka en við það er hann að smætta sig niður í líkama sinn sem setur hann ekki einungis aftur á upphafsreit heldur jafnvel enn aftar. Því nú stendur hann í dyrunum og býður fólk velkomið að hlaðborði staðalímyndanna. Hann segir að Sartre hafi bent sér á villu síns vegar og minnt hann á að svartur húðlitur hans væri einungis lítið hugtak af öllu því sem hann er. En jafnvel Sartre, sem ritaði mikið til eflingar svarta kynstofnsins,⁴¹ virðist misskilja vandann að mati Fanons. Sartre bætir nefnilega við að Negritude hreyfingin sé í raun upphaf eigin tortímingar og þar af leiðandi breyting í átt að þeim tilgangi að þurrka út allar hugmyndir um kynþætti, sem Sartre áljútur vænlegan kost.⁴² Fanon fær ekki betur séð en Sartre haldi því fram að Negritude sé

³⁸ Sama rit, 123-124.

³⁹ Sama rit, 127. „ruling the world with his intuition, the Negro is recognized, set on his feet again, sought after, taken up, and he is a Negro - no, he is not a Negro but the Negro, exciting the fecund antennae of the world, placed in the foreground of the world, raining his poetic power on the world.“

⁴⁰ Sama rit, 129.

⁴¹ Meðal annars ritaði hann Black Orpheus, sem fjallar um Negritude hreyfinguna.

⁴² Sama rit, 133.

einþvers konar viðbragð við hvíta heiminum en sé í raun ekkert í sjálfu sér. Þegar allir kynþættir hafa verið þurrkaðir út er þá ekki bara ein heimsmynd eftir og nær óyggjandi byggð á yfirburðum hvíttra? Fanon upplifir sig skyndilega „án fortíðar negrans, án framtíðar hans [...] Ekki orðinn hvítur, ekki lengur alveg svartur.“⁴³ Hann telur það engu bæta við leit sína að eigin sjálfi að hlusta á Sartre alhæfa um heilan kynstofn í þeim tilgangi að losa hann undan honum. Yfirlýsing Sartres um endalok kynþáttahyggju gerir í raun lítið úr þeim krafti sem mögulega býr í því að upplifa sig svartan á jákvæðan hátt. Fanon telur hugmyndina skyldari aflimun en frelsi og segir:

[...] ég neita að setta mig við slíka aflimun. Ég finn að innra með mér er sál sem er jafn ómælanlega stór og heimurinn sjálfur, sál sem að sannarlega er jafn djúp og hinar dýpstu ár, í brjósti mínu býr kraftur til að þenja brjóst mitt yfir allt þekkjanlegt. Ég er húsbóndi heims míns en mér er ráðlagt að tileinka mér auðmýkt og lítillæti krypplingsins. Í gær, er ég vaknaði til heimsins, tók á móti mér himininn, alger og fullkominn. Mig langaði að rísa upp og láta í mér heyra, en kviðrist og innantóm þögn skreið ofan í kok mér. Án tilgangs, án ábyrgðar, fastur á milli Neindar og Óendanleika, stóð ég og grét.⁴⁴

4.5 Niðurstöður Fanons

Fanon vill ekki vera svartur maður, hann vill heldur ekki vera hvítur maður, hann vill einfaldlega vera maður. Vandamálið sem hann glímir við liggur í því að bæði svartir og hvítir hafa hlekkjað sig við fortíðina. Fanon vitnar í orð Karl Marx og segir:

Samfélagsbyltingin [...] getur ekki fengið innblástur ljóða sinna frá fortíðinni, heldur einungis frá framtíðinni. Hún getur ekki hafist handa fyrr en hún hefur losað sig undan allri hjátrú varðandi fortíðina. Fyrri byltingar reiddu sig á minningar heimsögunnar til þess að slæva sig gegn eigin inntaki. Í allri leit að eigin inntaki og merkingu verður bylting 19. aldarinnar að leyfa hinum dauðu að jarða sína dauðu.⁴⁵

Fanon vill því ekki hengja sig í söguna og krefjast skaðabóta fyrir misgjörðir hvíta mannsins gegn sér og sínum; að hata hvíta manninn eða fylla hann samviskubiti, vegna þess að allt eru þetta dæmi um viðbrögð við rasisma og þau loka svarta manninn enn kyrfilegar inn

⁴³ Sama rit, 138. „[W]ithout a Negro past, without a Negro future [...] Not yet white, no longer wholly black.

⁴⁴ Sama rit, 140. „Nevertheless with all my strength I refuse to accept that amputation. I feel in myself a soul as immense as the world, truly a soul as deep as the deepest of rivers, my chest has the power to expand without limit. I am a master and I am advised to adopt the humility of the cripple. Yesterday, awakening to the world, I saw the sky turn upon itself utterly and wholly. I wanted to rise, but the disemboweled silence fell back upon me, its wings paralyzed. Without responsibility, straddling Nothingness and Infinity, I began to weep.“

⁴⁵ Sama rit, 223. „The social revolution [...] cannot draw its poetry from the past, but only from the future. It cannot begin with itself before it has stripped itself of all its superstitions concerning the past. Earlier revolutions relied on memories out of the world history in order to drug themselves against their own content. In order to find their own content, the revolution of the nineteenth century have to let the dead bury the dead.“

í fortíð sinni og litarhætti eins og áður hefur komið fram. Hann telur nauðsynlegt að losa manninn undan fortíðinni til þess að mannkynið hljóti frelsi undan hugmyndum um yfirburði og undirskipun. Uppreisn andans felst nefnilega í því að neita að undiroka náungann; að neita að troða honum í hólf með stimplun einungis til þess að henda reiður á óreiðunni sem lífið *er*. Af hverju reynum við ekki heldur að snerta hvert annað, spyr Fanon. Af hverju reynum við ekki að skynja hvert annað og uppgötva óendanleika hvers annars? Hann orðar frekari langanir sínar á þessa leið:

Ég, hinn litaði maður, þrái aðeins þetta: Að þau verkfæri sem við notum til þess að aðstoða okkur við að koma skipan á heiminn nái aldrei yfirhöndinni yfir manninum. Að nauðung manna yfir öðrum mönnum heyrir sögunni til. Að ég eigi möguleika á því að kynnast og elska aðra menn, hvar sem þeir eru. Negrinn er ekki. Ekki frekar en hvíti maðurinn. Báðir aðilar verða að snúa baki við ómanneskjulegum röddum forfeðra sinna eigi raunverulegt samtal þeirra á milli að verða kleift. [...] Það er ekki án þess að endurheimta sjálfið og rannsaka það ofan í kjölinn, né án ævarandi spennu og þenslu sem fylgir frelsi mannsins sem maðurinn getur skapað kjöraðstæður tilveru sinnar í þessum heimi.⁴⁶

Undir lok bókarinnar biður Fanon lesendur sína um ganga með opnum hug inn í samskipti við aðra sem kristallast í lokaorðum bókarinnar: „Ó kæri líkami, láttu mig ávallt vera mann sem ígrundar og spyr!“⁴⁷

5. Simone de Beauvoir – Upplifaður annarleiki kvenna

5.1 Óttinn við hið óþekkt

Í skrifum franska heimspekingsins Simone de Beauvoir fjallar hún um annarleika með samskipti kynjanna að leiðarljósi. Beauvoir rannsakaði stöðu kvenna í sögulegu og félagslegu ljósi og birti niðurstöður sínar í verkinu *Hitt kynið* sem kom út í Frakklandi árið 1949. Fanon ritaði um tilhneingingu hvíta mannsins til þess að skilgreina svarta menn neikvætt út frá sjálfum sér og Beauvoir ritaði um tilhneingingu karla til þess að skilgreina konur neikvætt út frá sjálfum sér. Bæði Fanon og Beauvoir nálgast efnið í þeim tilgangi að varpa ljósi á það óréttlæti er þeir hópar sem hvort um sig tilheyrir þurfa að sætta sig við en í mínum huga er um

⁴⁶ Sama rit, 231. „I, the man of color, want only this: That the tool never possess the man. That the enslavement of the man by man cease forever. That is, of one by another. That it be possible for me to discover and to love man, wherever he may be. The Negro is not. Any more than the white man. Both must turn their backs on the inhuman voices which were those of their respective ancestors in order that authentic communication be possible. [...] It is through the effort to recapture the self and to scrutinize the self, it is through the lasting tension of their freedom that men will be able to create the ideal conditions of existence for human world.“

⁴⁷ Sama rit, 232. „O my body, make me always a man who questions.“

einn og sama vanda að ræða: Óttinn við hið óþekkt. Í inngangi að verkinu fjallar Beauvoir um tilhneigingu manneskjunnar til þess að greina sjálfa sig frá öðrum með því að benda alltaf á hinn sem andstæðu sína. Sá sem við skilgreinum sem hinn er því í grundvallaratriðum ólíkur okkur sjálfum. Beauvoir skrifar: „Sjálfsveran ákvarðar sjálfa sig einvörðungu í andstöðu við eitthvað annað.“⁴⁸ Sjálfsveran er því einstaklingur sem skilgreinir sjálfan sig sem „ég“ og stillir hinum upp sem andstæðu sinni til þess að afmarka sjálfan sig og tryggja stöðu sína í heiminum. Beauvoir setur þetta einnig í stærra samhengi:

Ekkert samfélag skilgreinir sig nokkurn tíma sem heild án þess að benda samstundis á Hinn.[...] Í huga þorpsbúans eru allir sem ekki búa í sama þorpi og hann grunsamlegir „aðrir“. Í augum þess sem er borinn og barnfæddur í ákveðnu héraði eru íbúar annarra héraða framandi. Gyðingar eru „aðrir“ í huga gyðingahatarans en í huga bandaríks kynþáttahatara eru það blökkumenn, í huga nýlenduherrans innfæddir og eignastéttarinnar öreiginn.⁴⁹

Á 21. öldinni mætti segja að í ríkjandi orðræðu á Vesturlöndum hafa múslimar tekið við þessu hlutverki. Við, þ.e. við sem föllum undir skilgreininguna *við* í þessu samhengi, eigum að ganga út frá því að þeir séu í grundvallaratriðum ólíkir okkur. Þeir eru framandi; hugsa ekki eins og við. Það sama á við um þá sem tilheyra öðrum þjóðfélagshópum en við sjálf, þeir sem eru fátækari, ríkari, fallettri, innflytjendur, innfæddir og svo framvegis. Þörf ákveðinna þjóðfélagshópa fyrir að skilgreina sjálfa sig með því að benda á andstæðu sína birtist okkur hvarvetna. Ef marka má Beauvoir er þessi tilhneiging bæði mannleg og skiljanleg í ljósi þess hvernig maðurinn hefur þörf fyrir að greina sig frá öðrum, en engu að síður má vera ljóst að í þessari aðgreiningu felst mikil einföldun sem í stað þess að skapa skilning milli ólíkra hópa skapar óbrúandi gjá sem í flestum tilvikum leiðir til fjandskapar.

Þegar við notum andstæðuparið við og hinir til að gera grein fyrir þeim veruleika sem við okkur blasir höfum við tilhneigingu til að skipa öðru hugtakinu ofar hinu. Við tölum um hina eins og sá sem valdið hefur. Við skilgreinum hina eftir eigin geðþótta. Að þessu leyti er andstæðuparið við/hinir ekki ólíkt öðrum andstæðupörum. Ef við hugsum um andstæður á borð við góður/vondur, rétt/rangt, iðjusemi/aðgerðaleysi, setjum við alltaf annað hugtakið ofar hinu. Hið góða er betra en það vonda, rétt er betra en rangt, hið þekkt er betra en hið óþekkt og þannig mætti áfram telja. Grundvallarhugmyndin er sú að þegar við byggjum sýn okkar á veruleikann á andstæðum skilgreinum við alltaf fyrirfram hvað er gott og æskilegt og hvað er

⁴⁸ Beauvoir, Simone de, „Hitt kynið – Inngangur,“ *Simone de Beauvoir, heimspekingur, rithöfundur, femínisti*, ritstj. Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, þýð. Torfi H. Tulinius (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999) 6.

⁴⁹ Sama rit, 6.

ekki eins gott og ekki eins æskilegt.⁵⁰ Eins og við sáum á skrifum Fanons þá upplifa svertingjar sárt á eigin skinni að vera skilgreindir í andstæðu við eitthvað sem telur sig hið góða og rétta.

5.2 Undirskipan kvenna

Simone de Beauvoir telur að konum hafi verið skipað neðar í hugtakaparinu kona/karl og að þær séu skilyrðislaust „hitt kynið“ í þeim samanburði, líkt og upplifun Fanons á því að vera litaður maður „háður líkamlegum annmörkum þegar hann athafnar sig á sviði hins mögulega“. Beauvoir veltir því jafnframt fyrir sér hvers vegna konur gangist sjálfar við því að vera skilgreindar sem aukaatriði, þvert á kenningu Hegels um sjálfsveruna. En kenning Hegels segir, eins og ég minntist á í umfjöllun minni um Sartre, að „samtalið“ þróist í átt að gagnkvæmri viðurkenningu þegar sjálfsveran áttar sig á því að „hinir“ eru ekki inntakslausar hlutverur.

Af einhverjum ástæðum, segir Beauvoir, hefur þessi gagnkvæma viðurkenning á annarra sjálfi aldrei átt sér stað á milli kynjanna. Þar drottinnar karlinn sem hin eina eiginlega sjálfsvera og konan situr undirgefni við fætur hans sem hinn eini eiginlegi annarleiki og gengst við því hlutverki undarlega möglunarlaust. Hún lítur á sjálfa sig frá sjónarhorni karlsins og skilgreinir sig út frá því sem hana skortir miðað við hann. Konur hafa verið svo fyllilega skilyrtar frá þessu sjónarhorni að margar gangast þær við því af gleði en átta sig ekki á því að þær móta sjálfa sig út frá þeim reglum sem karlmenn hafa skapað eftir sinni hentisemi.⁵¹ Þær sjá sig ekki sem kúgaðar og sjá því enga nauðsyn þess að standa saman sem hópur eins og Beauvoir telur aðra hópa gera séu þeir kúgaðir af sér annarlegum hópum. Beauvoir tekur dæmi af gyðingum og blökkumönnum og telur að hlutskipti þeirra megi útskýra sem sögulegan viðburð. Þeir urðu minnihlutahópar í framandi löndum á stuttum tíma, blökkumenn við þrælalaldið í Ameríku og gyðingar við tvístrun þjóðar sinnar. Sem minnihlutahópar í framandi löndum sameinast þeir í krafti sameiginlegrar fortíðar sinnar, sögu og trúarbragða. Þeir standa saman á móti *hinum*; rísa á fætur. Konur eiga ekkert slíkt sameiningarafl. Fortíð þeirra, saga, trúarbrögð og nær öll þeirra tilvist er oft sameiginlegri karlmanni sem hún bindst nánnum böndum en konu, eða konum yfirhöfuð. Ekki er heldur hægt að útskýra undirlægjuhátt kvenna út frá sögulegri þróun eins og undirlægjuhátt öreiganna gagnvart borgarastéttinni sem hægt og rólega urðu æðri í krafti valds og auðmagns.⁵² Aðgreining kynjanna er nefnilega

⁵⁰ Sama rit, 5.

⁵¹ Sama rit, 10.

⁵² Sama rit, 8.

líffræðileg staðreynd og annarleikinn á einhvern hátt algildur frá upphafi vega en ekki háður sögulegri tilviljun. Því virðast margir líta á stöðu konunnar frá náttúrunnar hendi og undirskipan hennar því óbreytanlega.⁵³ En jafnvel *ef* undirskipan konunnar hefði á einhverjum tímapunkti verið staðreynd af náttúrunnar hendi þá er náttúran einnig breytanleg líkt og sögulegur veruleiki og því undarlegt að mannkynið, sem hefur þróað samfélag sitt og samskipti jafn ört og raun ber vitni, komist ekki úr sporunum þegar kemur að því að veita konunni þau grundvallarréttindi að vera sjálfsvera. Beauvoir telur að karlar hafi notað þessa upphaflegu yfirburðarstöðu sína til þess að leggja línurnar fyrir varanlegan rétt sinn til kúgunar. Þeir meitluðu hugmyndir sínar um eigin yfirburði í stein á meðan að þeir stóðu einir á sviði heimspeki, löggjafavalds, vísinda, lista og trúarbragða. Þaðan hafa þeir sótt vopn sín gegn kvenréttindum æ síðan; sanna mál sitt með tilvitnunum í eigin orð. Það er þó ekki alfarið körlunum að kenna að svona er í pottinn búið. Konan sjálf hefur ekki, að mati Beauvoir, barist gegn stöðu *hins*, aldrei heimitað né hrifsað viðurkenningu frá sér-hinum. Til þess er hún of skilyrt; of þrúð.

Enn þann dag í dag eru efnahagslegir hagsmunir og félagslegir þættir sem spila stórt hlutverk í „undirlægjuhætti“ konunnar, þar sem konan telur sig betur setta undir verndarvæng kúgara síns en án hans. Sumum finnst jafnvel ákveðinn léttir fólginn í því að þurfa ekki að taka ábyrgð á eigin lífi, enda hafa skilyrðingar karla gert konum þrautinni þyngri að sjá eigin verðleika á því sviði og treysta karlinum því betur fyrir eigin tilvist heldur en sjálfum sér.⁵⁴ Við það, segir Beauvoir, flýr hún frelsi sitt og glatar sér í hlutverki þolanda. Þar með ofmetur hún hlutverk staðveru sinnar og útilokar eigin handanveru. Þrúð og stillt hefur hún leyft manningnum að pakka sér snyrtilega inn í hólf með stimplun á borð við „léttúðug“, „barnaleg“, „ábyrgðarlaus“ og svo framvegis. Með tungutaki Sartres myndum við segja að hún hafi fallið í þá freistni að hlutgera sjálfa sig og gerist því sek um óheilindi. Hún hugsar sem svo að hún hafi fæðst þolandi og við því sé ekkert að gera, hún verði þolandi alla ævi.

Beauvoir telur að með því að skipa sér í sæti þolanda rýri hún gildi tilvistar sinnar því sú krafa er gerð um tilvist sjálfveru að hún byggi sér handanveru sem sé sífellt að þenja sig „í átt að óendanlega opinni framtíð“⁵⁵; sífellt að gera uppkast að sjálfri sér fram í tímann. Hún má aldrei að vera á valdi aðstæðna; aldrei setta sig við að vera bundin í stöðu hlutveru. En það er hægara sagt en gert, að mati Beauvoir, því jafnvel þótt í henni búi þetta frelsi þá „uppgötvar

⁵³ Sama rit, 7.

⁵⁴ Sama rit, 8-12.

⁵⁵ Sama rit, 19.

hún sig og velur að vera það sem hún er, í heimi þar sem mennirnir neyða hana til að axla hlutverk Hins“.⁵⁶

Þar stendur hnífurinn í kúnni, bæði konan og þeir sem tilheyra svarta kynstofninum búa við aðstæður sem gera það að verkum að sjálfsvera þeirra er sjálfkrafa gerð ómerk og við slíkar aðstæður er nær ómögulegt að þroska sjálfsveru sína, þrátt fyrir að hafa í huga knýjandi nauðsyn Sartres um að lifa af heilindum.

Líkt og Fanon, þegar hann bar hugmyndir Sartres um afnám kynþáttahyggju saman við aflimum, er Beauvoir umhugað um að koma því skýrt til skila að markmiðið með skrifum sínum er ekki að losa heiminn undan hugtökunum karl og kona. Konur eru áfram konur, karlar eru áfram karlar, og það er einhvers konar staðreynd. Beauvoir er einfaldlega að hafna því að á bakvið slík hugtök búi eitthvað eilíft og endanlegt sem ákvarðar sjálfsveru manneskjunnar. Hún segir:

Það að hafna hugmyndum um hinn eilífa kvenleika, um blökkumannasálir eða um gyðinglegt skapferli er ekki það sama og neita því að til séu gyðingar, blökkumenn, konur: slík neitun leiðir ekki til frelsunar fyrir viðkomandi, hún er ekkert annað en óheiðarlegur flótti frá raunveruleikanum.⁵⁷

Hún vill einfaldlega að við gerum okkur grein fyrir því að svigrúmið til þess að viðurkenna eigið frelsi og taka ábyrgð á eigin lífi er mun takmarkaðra fyrir þann hluta mannkyns sem hefur verið skipað í sæti *hins*. Handanvera þeirra verður alltaf háð takmörkunum þeirra sem álíta sig ómissandi yfirboðara hennar og því nær ógjörningur að þær nái fullum þroska. Til þess að nýta kraft þeirra til fullnustu verður heimurinn einfaldlega að verða *allra*, ekki einungis fárra útvalinna.

Eigi heimurinn að verða allra er þó fyrsta skrefið að bandamenn, eins og Fanon og Beauvoir virðast vera í baráttunni um „tilvistarfrelsi“, átti sig á sameiginlegum markmiðum sínum og taki ekki við vopnum frá „óvinum“ sínum til að nota í innbyrðis stríð. Ekki ósvipað og þegar stórveldi veita litlum hagsmunahópum innan erlendra ríkja aðgang að vopnum því þeir hafa hagsmuni af því að veikja innviði ríkisins. Sá skýri greinamunur er Fanon og Beauvoir virðast gera á aðstæðum kvenna annars vegar og aðstæðum svartra hins vegar veikir baráttu þeirra; þau falla í þá gryfju að beita hvort annað *hinun*, Fanon gerir það m.a. í karllægri orðræðu um undirskipan kvenna í kaflanum um ástarsambönd milli svartra karla og hvítra kvenna, Beauvoir með útlistun á ólíkum aðstæðum þessara tveggja hópa. Þó er stærsti glæpur þeirra Fanons og Beauvoir fólgin í því að benda „samherjum“ sínum ekki á að

⁵⁶ Sama rit, 20.

⁵⁷ Sama rit, 3.

sameiginlegt markmið þessara hópa er að losna undan kúgun hugtakaofbeldis. Það þarf að koma því skýrt til skila að með því að taka þátt í hugtakaofbeldi gegn hver öðrum eru hóparnir að taka þátt í ofbeldi gegn sjálfum sér og gegn því sameiginlega takmarki að hafa frelsi til að skapa eigið sjálf.

6. Blindi bletturinn

Þrátt fyrir að mikið hafi verið ritað og rætt um áhrif annarleikans á möguleika manneskjunnar til þess að finna lífi sínu farveg virðast hugmyndir Sartres, um að ábyrgð á eigin lífi liggi nær öll á einstaklingnum sjálfum, lifa góðu lífi enn þann dag í dag. Slík einstaklingshyggja virðist í raun ráða lögum og lofum í hinum vestræna heimi og mun víðar þar sem áhrif einstaklingshyggjunnar hafa borist um heiminn með kapítalískum straumi í árfarvegi hnattvæðingar. Hún er því oft viðkvæði margra þegar rætt er um stöðu jafnréttis í heiminum og leiðir til þess að ákveðin blinda leggst á fólk gagnvart áhrifum þess annarleika er Fanon og Beauvoir telja spila stærsta þáttinn gegn því að hver og einn finni svigrúm til að þroska sjálfsveru sína. Það er ef til vill ekki að undra þegar litið er til þess að vandamálið er falið og jafnvel ósýnilegt og því nær ógjörningur að koma auga á það. Vandamálið krefst þess í raun að viðkomandi skynji það frekar en að hægt sé að draga það fram í dagsljósið til þess að sýna mönnum það svart á hvítu. Það vill því alloft brenna við í umræðu um þessi mál að fólk bendi á það sem að það sér í kringum sig og dragi ályktanir út frá því. Ég hef til dæmis heyrt setningar á borð við „Eru konur ekki bara óframfærnar?“ eða „Eru svertingjar ekki bara latir?“.

Þó að svar mitt hafi ætíð verið hátt og skýrt *nei* í fylgd útskýringa um skilyrðingar samfélagsins þá fann ég sárasjaldan þennan skilningsglampa í augum viðmælanda minna eftir slíkar útskýringar. Mér létti því þegar ég sá heimildarmynd sem sýndi sálfræðitilraun á vegum Berkeley háskóla sem að mínu mati dregur upp skýra mynd af ástandinu með hálfgerðri myndlíkingu af lífinu. Sálfræðingarnir leituðust við að rannsaka áhrif peninga á mannúð fólks og fengu þá niðurstöðu að því meira sem maðurinn á, því meira virðist hann vilja fá og því meira sem hann fær því minni samkennd finnur hann með þeim sem eiga minna en hann sjálfur.

Tilraunin fólst í því að láta fjölda háskólanema spila borðspilið Monopoly og hagræða reglum þannig að annar aðilinn á frá upphafi enga möguleika á því að standa uppi sem sigurvegari spilsins. Hæfileikar, gáfur, kænska og heppni hafa ekkert að segja, aðeins peningar. Sálfræðingarnir ákváðu handahófskennt í upphafi spilsins hvor keppendinn yrði

„ríki spilarinn“ og gáfu honum helmingi hærri fjárhæð í upphafi spils og settu þá reglu að hann fengi helmingi hærri upphæð en mótherji hans fyrir hverja hreyfingu og fengi að kasta teningunum helmingi oftar en mótherjinn. Á meðan háskólanemarnir spila fylgjast sálfræðingarnir með hverri einustu hreyfingu þeirra að þeim óafvitandi. Í brotinu sem sýnt er í myndinni glottir „ríki keppandinn“ vandræðalega í upphafi spilsins yfir þessum ósanngjörnu reglum en virðist þó hugsa eitthvað á þessa leið: „Ég get ekkert að þessu gert, þetta eru bara reglurnar“ og heldur áfram að spila. Þegar lengra líður á spilið er eins og keppandinn, sem er lítill og grannur maður, blási út í stærð og viðfangi. Hann fer um víðan völl á spilaborðinu og kaupir, rukkar og heimtar. Hann fer að sama skapi útum víðan völl innan herbergisins og slengir fótum á nærliggjandi stóla og breiðir úr sér. Hreyfingar hans verða ákveðnari og sjálfsöruggari og hann hálfpartinn hamrar leikmanni sínum í borðið í hverju skrefi. Undir lokin er hann hættur að horfa í augun á andstæðingi sínum og virðist ekki eiga í nokkrum erfiðleikum með að hirða allt hans fé og sjá hann tapa með skömm.⁵⁸

Þó rannsóknin hafi miðað að því að rannsaka áhrifamátt peninga þá varpar hún um leið ljósi á hugmyndir þeirra Fanons og Beauvoir: Án þess að hafa unnið fyrir því á nokkurn hátt fæðast sumir einstaklingar með spilareglurnar sér í hag en telja sig engu að síður hafa unnið fyrir sigurvegaratitlinum og eiga hann skilið. Þeir telja að „hinir“ hafi ekki lagt nógu mikið á sig eða séu einfaldlega ekki nógu klókir fyrir spilið. Raunin er hins vegar sú að í upphafi spils, svo myndlíkingunni sé haldið lifandi, er ákveðinn hluti keppenda sprautaður með efninu *undirskipun*, sem dregur úr sigurlíkum þeirra, eins og Amié Césaire orðar í ljóði sem fjallar um aðstæður svartra en á við aðstæður miklu fleiri:

*I am talking of millions of men who
have been skillfully injected with
fear, inferiority complexes, trepidation,
servility, despair, abasement.*⁵⁹

⁵⁸ Gibney, Alex (leikstjóri), *Park Avenue: money, power and the American dream*, (London: BBC, 2012).

⁵⁹ Fanon, *Black Skin, White Masks*, 9.

7. Lokaorð

Þegar ég nota myndlíkingu sem tekur hið margslungna og óreiðukennda samfélag og einfaldar það niður í borðspil, gætu einhverjir sagt að ég væri sjálf að falla í þá gryfju að smætta óendanleikann niður í hólfið og læsa. En þar skýtur margslungnin upp höfði: Vandinn liggur ekki í tilhneigingu mannsins til þess að henda reiður á óreiðunni með einföldunum. Þegar ég notast við myndlíkingu af þessu tagi dreg ég einungis upp mynd sem svo viðmælandi minn finnur samsvörun við í heiminum, eða ekki. Það er ákveðin skynjun af hans hálfu sem þarf að eiga sér stað.

Við þurfum einfaldanir og „birtingamyndir“ til þess að skilja veruleikann, en við verðum að einbeita okkur að því að nota þessar einfaldanir einungis sem hjálpartæki í átt að því skynja hvert annað. Um leið og við hugsum þau ekki sem hjálpartæki heldur sem einhvers konar niðurstöður þá erum við farin að láta þau vinna andstætt tilgangi sínum, og erum jafnvel betur sett og með betri skilning á heiminum eins og hann *er* ef við einfaldlega reynum ekki að skilja hann. Að mínu mati er þetta svipaður varhugur og mikilvægt er að gjalda allri tækni, hvort sem það eru tölvur, kerfi, kenningar, samskiptatækni eða annað því um líkt; þau eru til staðar til að aðstoða okkur við að skynja og skilja heiminn en mega aldrei gagntaka einstaklinginn vegna þess að í því liggur enginn raunverulegur skilningur, þá er einstaklingurinn einfaldlega orðin hjálpartæki tækninnar, að því leyti að hann gegnir sjálfur hlutverki tæki í átt að markmiði og hlutverki tækninnar.

Þrátt fyrir að mikið hafi verið ritað um ójafnrétti í heiminum í tengslum við flokkanir og hópa, þá virðist það ýmist vera í þeim tilgangi að eyða út hugtökum og því sem þeim fylgir eða einblína á þau sem eitthvað endanlegt. Þetta kemur ágætlega fram í þeirri staðreynd að bæði Fanon og Beauvoir byrja bækur sínar á afsaka að þau hafi ákveðið að skrifa um þessi málefni. Beauvoir segir „Ég hikaði lengi við að skrifa þessa bók um konuna. Umræðuefnið er pirrandi, einkum fyrir konur. Nóg blek hefur flætt í deilum um kvenréttindi, nú er þeim nokkurn veginn lokið: útrætt.“⁶⁰ En hún bætir við að þrátt fyrir það hafi fátt komið fram sem varpi ljósi á vandamálið. Fanon spyr í inngangi að *Black Skin, White Masks*: „Til hvers að skrifa þessa bók? Engin bað mig um að rita hana. Sérstaklega ekki þeir sem bókin er ætluð. En hvað? Jú, ég svara því rólega að í heiminum eru alltof margir hálfvitar og að því sögðu neyðist ég til þess að sanna það.“⁶¹ Undir flestum kringumstæðum myndi ég efast um gildi þess að kalla aðra hálfvita og þá sérstaklega í umræðu um baráttu gagnvart hræðslu við annarleika sem svo birtist í hatri eða skilningsleysi gagnvart öðrum, en engu að síður skil ég

⁶⁰ Beauvoir, *Hitt kynið*, 1.

⁶¹ Fanon, *Black Skin, White Masks*, 9.

orð Fanons. Ég sé þau ekki sem innihaldslaus fúkyrði til að tjá reiði heldur kristallast merkingin fyrir mér í orðinu „hálfvitar“ sem einhvers konar myndlíking. Maðurinn er einungis að nota möguleika sína til skilnings til hálf. Það að taka veru sem er óendanleg inn á við og smætta hana niður í það sem sést á yfirborðinu er að mínu viti einfaldlega órókrétt. Á sama tíma er yfirborðið þó jafn mikill hluti af verunni og hið óendanlega, og því jafn órókrétt að hunsa yfirborðið. Ég tek hafið sem dæmi: Yfirborð hafsins er órjúfanlegur hluti af hafinu og það eina sem við sjáum en nær þó ekki að að sýna geipilegt dýpi þess né koma mikilfengleika eða tilgangi þess til skila. Til þess að þekkja hafið þurfum við að kafa undir yfirborðið og njóta þess sem fyrir augu ber en vera um leið meðvituð um staðsetningu yfirborðsins því annars er hætta á því að villast og drukkna. Við þurfum sem sagt að komast handan við hugtökin án þess að losa okkur við þau; að vera meðvituð um þau og áhrif þeirra án þess að setja punkt fyrir aftan þau.

Lífið er ekki línulegt, það er fullkomlega mótsagnakennt; það er allt á sama tíma og það er andstæða þess. Það er því ekki um neinar endanlegar niðurstöður að ræða varðandi hugmyndir heimspekinganna þriggja, þeirra Sartres, Beauvoir og Fanons. Þau benda öll á mikilvæg atriði sem gott er að hafa til hliðsjónar í lífinu og gott er að geta gripið til líkt og annarra hjálpartækja, án þess að verða svo starsýnt á hugmyndir þeirra að aðrar hugmyndir hverfi á bakvið þær.

Sartre minnir okkur á að við megum aldrei nokkurn tímann fjötra sjálfsveru okkar við þá mynd af heiminum sem fyrir augu okkar ber. Það er eins og að binda sjálfan sig við fortíðina og mæna á framtíðina kvartandi yfir ósannngirni þess að fá ekki að svífa um frjáls. Einstaklingurinn er heimurinn, af því að heimurinn sem hann lifir í væri ekki skynjaður án hans og því er í besta falli heimskulegt að skilgreina sig sem fórnarlamb hans. Þetta viðhorf Sartres er lífsnauðsynlegt einstaklingnum sjálfum en dugir þó skammt til þess að *útskýra* upplifaða og félagslega stöðu einstaklingsins, eins og Beauvoir og Fanon benda réttilega á. Það má ekki loka augunum og þykjast ekki sjá hrópandi óréttlætið sem fylgir því að vera stöðugt skipað í sæti *hins*; að sama hversu ákaflega fjölmargir einstaklingar reyna að rísa á fætur og gera tilkall til þessa heims, sem Sartre telur að hver og einn eigi, þá er þeim jafnharðan hrint hranalega niður í sæti sitt aftur og sagt að hafa sig hæga. Slíkt mótlæti býður ekki upp á jöfn tækifæri til að gera sér grein fyrir eigin frelsi og skapa heim sinn út frá því.

Þess vegna er mikilvægt að velta vöngum yfir hverjum og einum (sem og okkur sjálfum) og hafa um leið í huga að allir eru sífellt að fara fram úr sjálfum sér; áforma sig á sviði hins mögulega, og því getum við aldrei þekkt neinn fullkomlega. Með þetta í huga verðum við fær um að viðurkenna óendanleika *hins* og taka á móti honum á sínum eigin forsendum án þess að

eiga á hættu að tapa sjálfsverunni eða aflima viðfang okkar. Við það skapast möguleiki á að tímabil mannlegar einangrunnar renni sitt skeið og við getum farið að starfa að því í sameiningu að gera heiminn að betri heimkynnum fyrir okkur öll í stað þess að eyða lífinu í að aðgreina okkur frá *hinum* og berjast við þá um sneið af köku lífshamingjunnar, sem að mínu mati leiðir ekki að hamingju einstaklingsins heldur sjálfseyðingu hans og takmörkunum á möguleikum mannkynsins alls.

Heimildaskrá

Vilhjálmur Árnason. *Farsælt líf, réttlátt samfélag – kenningar í siðfræði*. Reykjavík: Mál og menning, 2008.

Sartre, Jean-Paul. *Tilvistarstefnan er mannhyggja*. Þýðandi Páll Skúlason. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007/1946.

Fanon, Frantz. *Black Skin, White Masks: The Experiences of a Black Man in a White World*. Ensukur þýðandi Charles Markmann. New York: Grove Press Inc, 1967/1952.

Burns, Sir Alan. *Colour Prejudice*. London: Allen and Unwin, 1948.

Beauvoir, Simone de. „Hitt kynið – Inngangur.“ *Simone de Beauvoir, heimspekingur, rithöfundur, femínisti*. Þýðandi Torfi H. Tulinius. Ritstjórar Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, 1-20.

Sharpe, Matthew. „Jacques Lacan.“ Internet Encyclopedia of Philosophy, birt 27. Júní 2005, <http://www.iep.utm.edu/lacweb/> (skoðað 11. janúar 2012).

Gibney, Alex (leikstjóri). *Park Avenue: money, power and the American dream - Why Poverty?* [Heimildarmynd]. London: BBC, 2012.